

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina Tryggvaskála.

1. gr.

Stofnunin er sjálfseignarstofnun og heitir Tryggvaskáli. Heimili hennar og varnarþing er á Selfossi.

Stofnendur eru einstaklingar, fyrirtæki, félög, stofnanir og sveitarfélög sem leggja stofnuninni til fé eða ígildi þess samkvæmt skipulagsskrá þessari.

2. gr.

Eignir stofnunarinnar er húseignin Tryggvaskáli sem Skálafélagið á Selfossi afhendir stofnuninni að gjöf. Verðmæti Tryggvaskála er kr. 11.000.000 sem er stofnfé sjálfseignarstofnunarinnar en það má aldrei skerða. Stofnfé skal ávaxta með þeim hætti sem stjórn stofnunarinnar metur tryggilegast hverju sinni.

3. gr.

Markmið stofnunarinnar er að endurbæta, varðveita og sjá um rekstur Tryggvaskála á Selfossi, á þann veg að sem mest starfsemi geti farið fram í húsinu til að standa undir rekstrarkostnaði. Þá skal að því stefnt að komið verði fyrir í húsinu myndum og munum sem tengjast sérstaklega sögu skálans, Ölfusárbrúar og Selfossbyggðar og etv. fleiru sem vel þykir fara innan húss og utan.

4. gr.

Tekjur stofnunarinnar eru frjáls framlög, styrkir, vaxtatekjur auk annars aflafjár. Tekjum skal einungis ráðstafað til starfsemi skv. 3. gr. skipulagsskrár þessarar.

5. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum og tveimur til vara sem skipaðir eru til fjögurra ára í senn. Fyrstu stjórn stofnunarinnar skipa: Þorvarður Hjaltason, Árni Erlingsson og Bryndís Brynjólfsdóttir. Varamenn eru Sigurjón Erlingsson og Þór Vigfússon. Láti stjórnarmaður af störfum skal hann tilnefna eftirmann sinn. Falli stjórnarmaður frá tilnefni stjórnin eftirmann hans. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórn stofnunarinnar tilnefni tvo skoðunarmenn reikninga.

6. gr.

Stjórnarfundir skal boða með minnst 3ja daga fyrirvara með bréfi eða símleiðis. Stjórnarfundir eru lögmatir ef meirihluti aðalmanna er mættur. Stjórnin skal halda fundargerðabók um það sem gerist á fundum, ályktanir, ákvarðanir og niðurstöður stjórnar.

7. gr.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið. Ársreikningar skulu vera í samræmi við almennar viðurkenndar reikningsskilavenjur á hverjum tíma og endurskoðaðir af tilnefndum endurskoðendum.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari má aðeins breyta með samþykki meirihluta stjórnarmanna. Verði stofnunin lögð niður verður að taka ákvörðun um það á stjórnarfundum með sama atkvæðamagni og þarf til þess að breyta skipulagsskránni og verður eignum þá ráðstafað samkvæmt ákvörðun stjórnar stofnunarinnar í samráði við bæjaryfirvöld á Selfossi.

9. gr.

Leita skal samþykkis dómsmálaráðuneytisins á skipulagsskrá þessari og breytingum sem á henni kunna að verða gerðar.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. júlí 1998.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Fanney Óskarsdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir rannsóknarsjóð í slitgigtarsjúkdómum.

1. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun og heitir *Rannsóknarsjóður í slitgigtarsjúkdómum*. Heimili og varnarþing er í Reykjavík. Stofnendur eru sérfræðingar í slitgigtarsjúkdómum.

2. gr.

Stofnfé rannsóknarsjóðs í slitgigtarsjúkdómum skal vera kr. 500.000. Stofnendur bera engar fjárhagslegar skuldbindingar vegna sjóðsins.

3. gr.

Markmið og hlutverk sjóðsins er að efla rannsóknir á sviði slitgigtarsjúkdóma m.a. með endurmenntun, tækjakaupum, rannsóknar- og ferðastyrkjum.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur, gjafir og hvers konar styrktarfé og önnur framlög sem veitt er viðtöku eða aflað.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð tveimur mönnum sem kosnir eru á stofnfundi. Samþykki beggja stjórnarmanna þarf til að skipa nýjan mann í stjórn. Stjórnin skiptir með sér verkum.

6. gr.

Stjórnin skal halda fundargerðabók um það sem gerist á fundum, ályktanir, ákvarðanir og niðurstöður stjórnar. Stjórnunarkostnaður greiðist af tekjum sjóðsins.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningar skulu vera í samræmi við almennar viðurkenndar reikningsskilavenjur á hverjum tíma og endurskoðaðir af kjörnum skoðunarmönnum.